

Mál nr. 78/2018**M og
V v. ábyrgðartryggingar fasteignatryggingar H****Maður rann til á rúðu sem var hulin snjó 16.4.2013.****Gögn.**

Málskot móttakið 21.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
Bréf V dags. 23.3.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamstjóni þegar hann rann á rúðu sem var hulin snjó í garði við fasteign H. Rúðan brotnaði þegar M féll og skarst hann við það á hægri hendi. M segir að H hafi fengið sig til að vökva plöntur í skúr sem sé í bakgarði við hús H meðan H væru fjarverandi og hafi M verið þeirra erinda í umrætt sinn. M segist hafa stigið á rúðuna á leið sinni að skúrnum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar H hjá V og segir að það sé ábyrgðarhluti af hálfu H að skilja eftir rúðu óvarða á jörðinni og því hafi fylgt slysaþætta. M segir að rúðum hafi verið komið fyrir við húsvegg en þær fallið til jarðar í slæmu veðri og snjókomu. M byggir á því að það hafi verið óforsvaranlegt af H að hafa gleðrúður óvarðar úti um vetur og á því beri H fulla ábyrgð. Þessi vanbúnaður hafi verið orsakavaldur slyssins þar sem M hafi verið lögmætra erinda á ferð um lóðina. V hafnar bótaskyldu og segir að rúðurnar hafi verið uppistandandi og stífaðar við húsvegginn fjarri gönguleiðum, þegar H fóru í ferð til útlanda. V segir að allur frágangur og umhirða fasteignar H hafi verið með besta móti og ekkert liggi fyrir um það af hverju rúðan eða rúðurnar lágu á jörðinni þennan umrædda dag. Ekki sé sýnt fram á það af hálfu M að frágangur, eða annað við húseign M þ.m.t. frágangur varðandi rúðuna eða rúðurnar, hafi verið óforsvaranlegur.

Álit.

Af hálfu H er því haldið fram að þegar þau fóru til útlanda, þá hafi rúður verið stífaðar og festar við húsvegg og þeim er ókunnugt um af hverju þær losnuðu, en M getur sér til að það hafi gerst í óveðri. Í málinu liggur ekki fyrir að H hafi þurft að gera frekari ráðstafanir varðandi umbúnað hvað varðar rúður þær sem hér um ræðir eða að frágangur þeirra hafi verið óforsvaranlegur. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt til bóta úr húseigendatryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr húseigendatryggingu H hjá V

Reykjavík 24.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður